

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 1 10. janúar 1972 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

2. tl. 2. mgr. 100. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Álagða skatta, að frádregnu því, sem greiða ber skv. 1. tl., ber gjaldanda að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1975.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Porsteinn Geirsson.

2. desember 1974.

Nr. 365.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagsupprætti Stykkishólms.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. nóvember 1974 staðfest aðalskipulagsupprátt af Stykkishólmi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Stykkishólmshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

2. desember 1974.

Nr. 366.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagi Reykjanesbrautar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. nóvember 1974 staðfest skipulag Reykjanesbrautar, að því er tekur til legu hennar frá Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, hreppsnefnd Garðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.